

1872.

4. maí.

samkvæmt uppástungu alþingis um það, þegar ágreiningur yrði milli tveggja amtsráða um eitthvert mál. Aptur á hinn bóginn gat stjórnarráðið ekki fallizt á breytingu alþingis við 49. greinar (53. gr. tilsk.) 4. tölulið, að því leyti, sem þar væri falið amtsráðinu á hendur eptirlit með því, sem í sjálfu sèr væri eptirlit frá hálfu sýslunefndarinnar, samkvæmt 37. greinar (39. gr. tilsk.) 4. tölulið; það var samdóma konungsfulltrúa í því, að eigi væri ráðlegt, að fara eptir uppástungu alþingis við 53. grein (56. gr. tilsk.) og skyldi eigi veita amtsráðinu vald til að taka lán án samþykkis landshöfðingja, sem eigi yrði borgað fyrir lok þess reikningsárs, sem færi í hönd. Sökum þess, að tilskipunin yrði birt á manntalsþingum 1873, mundi hún naumast geta orðið komin í gildi 1. janúar 1874, og var því síðustu greininni vikið þannig við, að dómsmálastjórnin skyldi gjöra nákvæmari ráðstafanir til þess að koma tilskipuninni í verk, „svo hún geti öðlzt fullt gildi svo fljótt sem verða má.”

Eptir að búið var að breyta frumvarpinu samkvæmt því, sem sagt er að framan, lagði dómsmálastjórnin til í þegnegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

4. maí.

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um vörðu á Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóa.

Með bréfi, dagsettu 19. marzm. þ. á., hafð þèr, herra stiptamtadur, sent hingað skjal nokkurt, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Clausen, sækir um, að hann fái útborgaða 5 rd., sem samkvæmt rentukammerbréfi 4. júlí 1848¹⁾ eru veittir árlega úr ríkissjóðnum, til þess að halda við vörðu á

¹⁾ Lovsamling for Island, XIV., 128.

1872.

4. maí.

Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóann, fyrir árin 1867—70, — en á þessum árum hefir eigi verið tekið til fjár þessa, og er nú alls orðið 20 rd.; hafið þér lagt til, að nú megi borga fê þetta til þess, sem ætlað er.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir, að 20 rd. verði varið til þess að gjöra að vörðunni, með því skilyrði, að reikningsskil verði gjörð fyrir þeim, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum boðið landfógeta, að borga sýslumanni Clausen tæða upphæð úr jarðabókarsjóði Íslands.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um gjald á brennivíni.

4. maí.

Fyrir dómsmálastjórninni hefir verið borin upp fyrirspurn, hvort lausakaupmenn, sem verzla við Ísland, hafi heimild til, þegar tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sè komin í gildi 1. dag júlím. þ. á., að selja brennivín það, sem þeir hafa flutt til Íslands fyrir nefndan dag, en hafa enn óselt í skipum sínum, án þess þeir greiði nokkurt gjald, og enn fremur, ef þetta sè leyfilegt, hvort það þá gildi bæði á þeim verzlunarstað, þar sem þeir hafa skilað tollskránni, og sömuleiðis á öðrum verzlunarstöðum, sem þeir sigla til síðan; útaf þessu hefir stjórnarráðið tilkynnt þeim, sem hlut eiga að máli, að eptir því, sem ástatt er, virtist ekki eiga að heimta gjaldið í þessum tilfellum.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það lögreglustjórum í því amti, sem þér eruð skipaður yfir, og skal því við bætt, að sá lögreglustjóri, sem tekið hefir við tollskránni, er skyldur til, ef þess verður krafizt, að veita hlutaðeiganda lausakaupmanni